



Borgarráð

Svar við fyrirspurnum áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um dómsmál E-3132/2017

Á fundi forsætisnefndar 17. ágúst sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram fyrirspurnir um dómsmál E-3132. Erindinu var vísað til borgarráðs. Á fundi borgarráðs 23. ágúst sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram viðbótarfyrirspurn um sama mál. Umræddar fyrirspurnir eru svohljóðandi:

Óskað er eftir því að eftirtöldum spurningum verði svarað í tengslum við umræðu um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E3132-2017. 1. Upplýsti eða ráðfærði skrifstofustjórinn sig við borgarritara áður en hún veitti fjármálastjóranum áminninguna? 2. Upplýsti eða ráðfærði skrifstofustjórinn sig við borgarlögmann áður en hún veitti fjármálastjóranum áminninguna? 3. Upplýsti eða ráðfærði skrifstofustjórinn sig við einhvern annan starfsmann borgarinnar áður en hún veitti fjármálastjóranum áminninguna? 4. Ráðfærði skrifstofustjórinn sig við einhvern utanaðkomandi aðila áður en hún veitt fjármálastjóranum áminninguna? 5. Ef svo er, hver/hverjir voru það og hvað kostaði sú utanaðkomandi aðstoð/vinna? 6. Hvað kostaði málareksturinn fyrir Reykjavíkurborg, frá upphafi og þar til dómur féll í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 5. júní sl.? 7. Hversu háar miskabætur voru að hendi Reykjavíkur greiddar til stefnanda?

Eftirfarandi fyrirspurn var lögð fram á fundi borgarráðs 23. ágúst sl.:

Vissi borgarstjóri af, hafði afskipti eða samþykkti að fjármálastjóri Ráðhússins var áminntur sem leiddi til dómsmáls sem borgin tapaði í máli E-3132/2017?

Svar:

1. Já.
2. Já.
3. Já, starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar og lögmenn hjá embætti borgarlögmanns.
4. Já, Anton Björn Markússon hrl. var til aðstoðar varðandi lögfræðileg álitaefni.
5. Kostnaður við ráðgjöf hans nam kr. 303.750.
6. Kostnaður við rekstur málsins fyrir héraðsdómi nam kr. 3.190.000.
7. Dæmdar miskabætur í málinu voru 250 þús. kr.
8. Borgarstjóri hafði vitneskju um að málið var í gangi en hafði engin afskipti af því eða annað hlutverk, enda ekki hans hlutverk að staðfesta eða samþykkja einstakar ákvarðanir stjórnenda hjá Reykjavíkurborg.


Stefán Eiríksson